

Fiskiskipastóllinn í árslok 2005

The fishing fleet at the end of 2005

Samantekt

Í lok árs 2005 voru á skrá hjá Siglingastofnun 1.752 fiskiskip og hafði þeim fækkað um 72 frá árinu áður. Fjöldi vélskipa var alls 862 og var samanlögð stærð þeirra 96.679 brúttótonn. Vélskipum fækkaði á milli ára um 7 talsins og að stærð dróst flotinn saman um 4.352 brúttótonn. Togarar voru 65 talsins og fækkaði um 5 frá árinu á undan. Heildarstærð togaraflotans var 80.936 brúttótonn og hafði minnkað um 5.112 brúttótonn frá árinu 2004. Opnir fiskibátar voru 825 talsins og 3.915 brúttótonn að stærð. Opnum fiskibátum fækkaði um 60 milli ára og heildarstærð þeirra dróst saman um 228 brúttótonn.

Inngangur

Tölurnar eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar

Fiskiskipastóllinn mynda opnir fiskibátar og þilfarsskip. Hér verður annars vegar fjallað um fiskiskipastóllinn í heild og hins vegar þilfarsskipastóllinn, sem samanstendur af vélskipum og togurum. Ástæða þessa er sú að opnir fiskibátar eru mjög margir en einungis hluti þeirra leggur upp afla og er sá afli lítill hluti af heildarafla íslenskra fiskiskipa.

Upplýsingar úr skrá Siglingastofnunar eru óháðar réttindum til fiskveiða

Tölur um fjölda fiskiskipa eru unnar upp úr skipaskrá Siglingastofnunar eins og hún stóð í lok hvers árs, nú síðast í árslok 2005. Ekki er tekið tillit til fiskveiðiréttinda skipa við skráningu þeirra í skipaskrá Siglingastofnunar. Í tölum þessum er því að finna skip án veiðiheimilda í íslenskrri lögsögu og einnig skip með veiðiheimildir sem ekki eru nýttar á viðkomandi skipi heldur fluttar á önnur skip.

Vátryggingaverðmæti virkra fiskiskipa í árslok 2004

Auk fjölda talna og ýmissa annara einkenna fiskiskipastólsins eru nú einnig birtar tölur um vátryggingaverðmæti fiskiskipaflotans við árslok 2004. Vátryggingaverðmætið miðast þó eingöngu við þau fiskiskip sem lögðu upp afla það árið og er því mismunur á milli þeirra talna og upplýsinga sem unnar eru úr skrá Siglingastofnunar eins og hún stóð í lok ársins 2004. Upplýsingar um vátryggingaverðmæti við árslok 2005 lágu ekki fyrir við útgáfu þessa heftis Hagtiðinda.

Fjöldi fiskiskipa


Vélskipum og togurum fækkar

Fiskiskipastóll Íslendinga við árslok 2005 taldi alls 1.752 skip. Þar af voru þilfarsskip (þ. e. vélskip og togarar) 927 talsins, vélskip 862 og togarar 65. Á heildina litið fækkaði fiskiskipum um 72 frá árinu 2004 og eru flest þeirra opnir fiskibátar. Í árslok 2005 voru opnir bátar 825 talsins og hafði fækkað um 60 frá fyrra ári. Vélskipum fækkaði um 7 og togurum um 5.




Mynd 1. Þilfarsskipastóllinn 1992–2005

Figure 1. Decked vessels and trawlers 1992–2005



Mynd 2. Fiskiskipastóllinn eftir landshlutum 2005

Figure 2. The fishing fleet by region 2005



Fjöldi fiskiskipa eftir landsvæðum og stöðum

Eftir landssvæðum voru flest fiskiskip með heimahöfn á Vestfirðum

Á Vestfirðum voru flest fiskiskip með skráða heimahöfn í árslok 2005 eða 313 skip sem er um 17,9% fiskiskipastólsins. Næst flest, eða 305 talsins voru með heimahöfn skráða á Vesturlandi eða 17,4%. Fæst skip voru með skráða heimahöfn á Norðurlandi vestra, 101 talsins sem samsvarar um 5,8% af heildarfjölda fiskiskipa. Opnir bátar voru flestir á Vesturlandi eða 159 talsins og á Norðurlandi eystra voru þeir 140. Fæstir bátar þessarar tegundar voru með heimahöfn á Suðurlandi eða 26 talsins. Vélskip voru flest á Vestfirðum eða 168 en fæst á Norðurlandi vestra, 46 talsins. Flestir togarar voru með heimahöfn skráða á Norðurlandi eystra eða 15 talsins, en 12 togarar voru skráðir á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir höfnum voru flest fiskiskip með heimahöfn í Reykjavík

Af einstökum höfnum er Reykjavík heimahöfn flestra fiskiskipa eða 98 talsins. Þar á eftir kom Ólafsvík með 74 skip skráð. Í Reykjavík voru einnig flestir opnir fiskibátar með heimahöfn, alls 44, en 40 bátar áttu heimahöfn í Hafnarfirði. Flest vélskip áttu heimahöfn í Grindavík eða 52 skip, 45 voru skráð með heimahöfn í Reykjavík, 44 í Ólafsvík og 43 í Vestmannaeyjum. Jafnmargir togarar voru skráðir með heimahöfn á Akureyri og í Reykjavík, 9 á hvorum stað.


Stærð fiskiskipastólsins

Stærð skipastólsins ekki minni síðan 2000

Stærð allra skipategunda dróst saman frá árslokum 2004 til ársloka 2005. Þilfarsskipastóllinn var rúmlega 177.600 brúttótonn, þar af var heildarstærð vélskipaflotans tæplega 96.700 brúttótonn og togara rúm 80.900 brúttótonn. Opnir fiskibátar voru rétt rúm 3.900 brúttótonn.


Mynd 3. Stærð fiskiskipastólsins í brúttótonnum 2005 eftir gerð fiskiskipa

Figure 3. Size of the fishing fleet in gross tonnages 2005 by type of vessel



Mynd 4. Þilfarsskipastóllinn 1998–2005. Stærð í brúttótonnum

Figure 4. Decked vessels and trawlers 1998–2005. Size in GT



Þegar stærðir eru bornar saman milli ára sést að í heild hefur stærð fiskiskipaflotans dregist saman um 9.692 brúttótonn (5,1%) og hefur því sú aukning sem varð milli árunna 2003 og 2004 gengið til baka. Heildarstærð vélskipa dróst saman um 4.352 brúttótonn (4,3%), togaraflotans um 5.112 brúttótonn (5,9%) og opinna fiskibáta um 228 brúttótonn (5,5%). Í raun hefur stærð þilfarsskipaflotans mæld í brúttótonnum ekki verið minni síðan árið 2000.


Afl aðalvéla

Vélarafli fiskiskipastólsins minnkar

Afl aðalvéla fiskiskipaflotans, mælt í kílóvöttum (kW) var tæp 514.300 kW og dróst saman milli ára um rétt rúm 25.100 kW. Aðalvélar vélskipa voru tæplega 312.300 kW, togaraflotans 129.000 kW og opinna fiskibáta tæp 73.000 kW. Hér gegnir því sama máli og með stærð fiskiskipastólsins. Vélarafli þilfarsskipaflotans hefur ekki verið minna síðan árið 2000.

Mynd 5. Þilfarsskipastóllinn 1992–2005. Afl aðalvéla

Figure 5. Decked vessels and trawlers 1992–2005. Power of main engine




Aldur fiskiskipa

Meðalaldur flotans 21,6 ár

Meðalaldur íslenska fiskiskipastólsins var 21,6 ár í árslok 2005. Meðalaldur vélskipa var 20 ár, togaraflotans 23,8 ár og opinna fiskibáta 20,9 ár. Meðalsmíðaár þilfarsskipaflotans var 1985, en miðtala aldurs hans gefur smíðaárið 1987.

Mynd 6. Þilfarsskipastóllinn 1992–2005. Miðtala aldurs og meðalaldur

Figure 6. Decked vessels and trawlers 1992–2005. Median- and average age



Vátryggingaverðmæti fiskiskipa í árslok 2004

Vátryggingaverðmæti í árslok
2004, 68 milljarðar

Vátryggingaverðmæti virka fiskiskipaflotans í árslok 2004 nam tæpum 68 milljörðum króna. Þar af var vátryggingaverðmæti vélskipaflotans rúmum 37 milljarðar, togaraflotans 28 milljarðar og opinna báta rúmum 2 milljarðar. Við árslok 2004 voru virk fiskiskip 1.444 talsins. Fjöldi vélskipa var 755, togarar voru 65 talsins og opnir fiskibátar sem lögðu upp afla voru 624 talsins.

English Summary

At the end of the year 2005 the total number of fishing vessels, registered at the Icelandic Maritime Administration, was 1,752. The number decreased by 72 vessels from the end of 2004. The number of decked vessels was 862 and their combined size was 96,679 GT. The number of decked vessels had decreased by 7 and their size by 4,352 GT. The number of trawlers was 65 at the end of 2005 and their total size amounted 80,936 GT. The number of trawlers decreased by 5 and their combined size by 5,112 GT. The number of registered undecked vessels was 825 in 2005 and the size was 3,915 GT. Undecked vessels decreased by 60 in number from 2004 and their total size decreased by 228 GT.

Tafla 1. Fiskiskipastóllinn í árslok 2004 og 2005Table 1. *The fishing fleet at the end of 2004 and 2005*

	Fjöldi ¹ <i>Number</i> ¹		Brúttótonn (bt) <i>Gross tonnage (GT)</i>	
	2004	2005	2004	2005
Samtals <i>Total</i>	1.824	1.752	191.222	181.530
Vélskip <i>Decked vessels</i>	869	862	101.031	96.679
Togarar <i>Trawlers</i>	70	65	86.048	80.936
Opnir fiskibátar <i>Undecked vessels</i>	885	825	4.143	3.915
Vélskip <i>Decked vessels</i>				
Stærð í brúttótonnum <i>Size in gross tonnage</i>	869	862	101.031	96.679
<100	681	683	11.139	11.161
100–499	143	138	37.047	35.552
500–999	18	15	12.064	10.252
1.000–1.499	18	17	22.168	20.951
1.500–4.999	9	9	18.612	18.764
Aldur <i>Age</i>	869	862	101.031	96.679
0–4	147	116	13.802	10.557
5–9	80	126	2.194	6.798
10–19	291	277	20.411	19.881
20–29	119	110	17.998	11.483
30–39	136	138	26.539	26.806
40 +	96	95	20.086	21.155
Togarar <i>Trawlers</i>				
Stærð í brúttótonnum <i>Size in gross tonnage</i>	70	65	86.048	80.936
100–499	4	3	1.721	1.224
500–999	31	29	22.766	21.357
1.000–1.499	21	20	26.165	25.085
1.500–4.999	13	12	27.591	25.588
>5.000	1	1	7.805	7.682
Aldur <i>Age</i>	70	65	86.048	80.936
0–4	3	1	7.151	1.448
5–9	3	4	6.141	9.841
10–19	19	18	32.964	31.781
20–29	19	18	14.802	14.622
30–39	26	24	24.991	23.243
Opnir fiskibátar <i>Undecked vessels</i>				
Stærð í brúttótonnum <i>Size in gross tonnage</i>	885	825	4.143	3.915
0–2,99	112	98	288	253
3–4,99	463	427	1.953	1.811
5–6,99	261	251	1.482	1.431
7–8,99	25	26	188	196
9–10,99	23	21	219	201
11 og þyngri <i>and more</i>	1	2	11	23
Aldur <i>Age</i>	885	825	4.143	3.915
0–4	22	20	79	72
5–9	60	33	336	184
10–14	79	72	408	395
15–19	271	234	1.440	1.282
20+	453	466	1.880	1.982

¹ Að auki eru á skrá fjögur hvalveiðiskip. *In addition there are four whalers registered.*

Tafla 2. Fiskiskipastóllinn eftir staðsetningu heimahafnar í árslok 2005. Fjöldi, stærð, afl aðalvéla og
Table 2. The fishing fleet by region of home port at the end of 2005. Number, capacity, power of main engine and

Brúttótonn (bt.) <i>Gross tonnage (GT)</i>	Samtals <i>Total</i>	Opnir fiskibátar			
		<i>Undecked vessels</i>	Alls <i>Total</i>	0–10	11–25
Fjöldi skipa alls <i>Total number of vessels</i>	1.752	825	862	369	213
Höfuðborgarsvæði ¹ <i>Capital region</i>	194	102	80	30	25
Suðurnes <i>Southwest</i>	210	73	130	47	34
Vesturland <i>West</i>	305	159	140	44	47
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	313	137	168	89	39
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	101	50	46	23	11
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	284	140	129	71	27
Austurland <i>East</i>	242	138	97	55	15
Suðurland <i>South</i>	103	26	72	10	15
Brúttótonn alls <i>GT Total</i>	181.530	3.915	96.679	2.489	3.544
Höfuðborgarsvæði ¹ <i>Capital region</i>	33.075	473	6.912	185	382
Suðurnes <i>Southwest</i>	19.427	353	12.723	341	568
Vesturland <i>West</i>	21.333	762	14.851	289	814
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	14.786	624	8.040	587	655
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	7.905	250	1.559	163	189
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	36.904	661	16.384	479	453
Austurland <i>East</i>	22.375	664	15.796	377	230
Suðurland <i>South</i>	25.724	129	20.414	68	253
Afl aðalvéla, kW, alls <i>Total power of main engine, kW</i>	514.267	72.982	312.283	59.094	39.819
Höfuðborgarsvæði ¹ <i>Capital region</i>	44.941	8.579	25.623	3.985	4.285
Suðurnes <i>Southwest</i>	55.987	5.936	41.639	7.875	6.944
Vesturland <i>West</i>	81.520	15.320	48.974	6.360	8.996
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	60.080	12.801	39.438	15.314	6.895
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	18.864	4.699	11.039	3.797	2.420
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	84.233	10.688	46.954	11.302	5.054
Austurland <i>East</i>	99.137	12.490	51.228	8.687	2.829
Suðurland <i>South</i>	69.505	2.469	47.388	1.774	2.396
Meðalaldur <i>Average age</i>	21,6	20,9	20,0	12,6	17,2
Höfuðborgarsvæði ¹ <i>Capital region</i>	20,0	21,8	20,2	13,2	18,0
Suðurnes <i>Southwest</i>	21,9	21,6	21,6	14,3	13,5
Vesturland <i>West</i>	21,6	20,6	19,7	12,8	14,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	23,1	21,0	19,4	12,0	20,6
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	20,1	19,5	18,6	10,6	15,9
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	21,3	21,3	17,4	11,9	19,6
Austurland <i>East</i>	21,5	19,9	18,5	13,6	14,6
Suðurland <i>South</i>	24,3	22,8	26,3	11,4	22,5

¹ Til viðbótar eru fjögur hvalveiðiskip á höfuðborgarsvæðinu. *In addition there are four whalers in the Capital region.*

meðalaldur
average age

Vélskip <i>Decked vessels</i>					Togarar <i>Trawlers</i>		
26–100	101–300	301–500	501–1.000	1.001–	Alls <i>Total</i>	0–1.000	1.001–
101	94	44	15	26	65	32	33
12	8	2	1	2	12	3	9
23	14	7	4	1	7	3	4
13	25	7	1	3	6	4	2
21	11	6	2	–	8	6	2
9	2	1	–	–	5	2	3
11	6	6	2	6	15	6	9
3	9	7	–	8	7	5	2
9	19	8	5	6	5	3	2
5.128	19.118	16.434	10.252	39.715	80.936	22.581	58.354
528	1.476	646	949	2.746	25.691	2.004	23.687
1.314	2.774	2.755	2.346	2.626	6.351	1.916	4.436
731	4.953	2.632	688	4.744	5.719	2.729	2.991
958	2.335	2.204	1.300	–	6.123	3.621	2.501
455	419	334	–	–	6.096	1.529	4.567
560	1.090	2.206	1.273	10.324	19.859	4.869	14.990
117	1.903	2.686	–	10.484	5.914	3.644	2.270
464	4.169	2.972	3.696	8.791	5.182	2.270	2.912
28.678	48.512	32.318	20.021	83.841	129.002	45.161	83.841
3.251	3.995	1.582	2.135	6.390	10.739	4.349	6.390
6.822	6.901	5.101	2.706	5.290	8.412	3.122	5.290
3.780	12.696	5.335	735	11.072	17.226	6.154	11.072
5.751	5.533	3.870	2.075	–	7.841	7.841	–
2.934	1.204	684	–	–	3.126	3.126	–
3.141	3.133	4.270	2.605	17.449	26.591	9.142	17.449
666	5.113	5.775	–	28.158	35.419	7.261	28.158
2.333	9.937	5.701	9.765	15.482	19.648	4.166	15.482
33,5	32,0	33,8	28,3	21,7	23,8	26,7	16,2
27,8	35,0	43,0	39,0	17,5	18,0	26,3	13,4
39,6	26,4	37,6	32,8	4,0	22,6	24,3	19,5
27,2	32,5	35,7	13,0	30,5	24,5	28,3	17,0
33,6	36,4	38,2	26,0	–	28,9	30,6	24,5
35,7	38,0	39,0	–	–	22,2	31,0	17,0
31,6	27,5	33,5	26,5	16,5	25,3	25,3	19,1
30,7	33,9	27,1	–	28,7	26,3	29,6	18,0
35,1	31,5	28,6	27,4	23,0	23,8	28,0	17,5

Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2005Table 3. *The fishing fleet by size categories and home port at the end of 2005*

Brúttótonn (bt.) <i>Gross tonnage (GT)</i>	Samtals <i>Total</i>	Opnir fiskibátar <i>Undecked vessels</i>			
			Alls <i>Total</i>	0–10	11–25
Fjöldi <i>Number</i>					
Allar hafnir <i>All home ports</i>	1.752	825	862	369	213
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	194	102	80	30	25
Reykjavík ¹	98	44	45	16	13
Seltjarnarnes	2	2	–	–	–
Kópavogur	21	12	9	2	4
Garðabær	4	4	–	–	–
Hafnarfjörður	69	40	26	12	8
Suðurnes <i>Southwest</i>	210	73	130	47	34
Grindavík	66	11	52	17	14
Sandgerði	34	17	17	17	–
Garður	33	12	18	5	3
Keflavík	47	20	26	5	13
Njarðvík	5	2	3	1	1
Vogar	13	8	5	2	–
Aðrar hafnir <i>Other ports</i>	3	3	–	–	–
Vesturland <i>West</i>	305	159	140	44	47
Akranes	55	31	20	7	10
Borgarnes	7	6	1	1	–
Arnarstapi	11	7	4	2	2
Hellissandur	7	1	6	–	2
Rif	29	11	18	2	6
Ólafsvík	74	30	44	19	12
Grundarfjörður	45	18	25	5	9
Stykkishólmur	57	39	18	6	4
Aðrar hafnir <i>Other ports</i>	20	16	4	2	2
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	313	137	168	89	39
Reykhólar	6	4	2	1	1
Barðaströnd	6	5	1	1	–
Brjánslækur	7	4	3	2	1
Patreksfjörður	39	20	18	9	3
Tálknafjörður	22	7	15	11	–
Bíldudalur	23	6	16	4	7
Þingeyri	16	7	8	6	–
Flateyri	13	3	10	6	2
Suðureyri	22	8	14	11	3
Bolungarvík	36	14	22	11	6
Hnífsdalur	2	–	1	1	–
Ísafjörður	37	12	21	6	7
Súðavík	18	6	12	4	2
Drangsnes	22	13	9	6	2
Hólmavík	14	2	12	7	4
Aðrar hafnir <i>Other ports</i>	30	26	4	3	1

Tafla 3. Fiskiskipastóllinn eftir stærðarflokkum og heimahöfn í árslok 2005 (frh.)
 Table 3. The fishing fleet by size categories and home port at the end of 2005 (cont.)

Brúttótonn (bt.) Gross tonnage (GT)	Samtals Total	Opnir fiskibátar Undecked vessels			
			Alls Total	0–10	11–25
Norðurland vestra Northwest	101	50	46	23	11
Hvammstangi	10	5	5	–	1
Blönduós	3	1	2	–	1
Skagaströnd	14	4	8	2	3
Sauðárkrókur	24	15	7	6	–
Hofsós	12	8	4	3	1
Haganesvík	5	3	2	2	–
Siglufjörður	30	13	16	8	5
Aðrar hafnir Other ports	3	1	2	2	–
Norðurland eystra Northeast	284	140	129	71	27
Grimsey	37	16	21	15	4
Ólafsfjörður	22	13	6	5	–
Dalvík	23	10	11	3	4
Hrísey	21	13	8	5	1
Hauganes	5	3	2	1	–
Árskógssandur	7	1	6	4	2
Akureyri	51	32	10	6	2
Grenivík	14	4	10	3	1
Húsavík	49	21	27	14	7
Kópasker	11	5	6	3	1
Raufarhöfn	19	7	12	8	3
Þórshöfn	18	8	10	4	2
Aðrar hafnir Other ports	7	7	–	–	–
Austurland East	242	138	97	55	15
Bakkafjörður	16	10	6	4	1
Vopnafjörður	17	12	4	2	1
Borgarfjörður eystri	17	10	7	5	2
Seyðisfjörður	19	13	5	4	1
Mjóifjörður	5	3	2	1	1
Neskaupstaður	35	17	16	10	3
Eskifjörður	18	8	9	4	2
Reyðarfjörður	7	6	1	1	–
Fáskrúðsfjörður	18	13	4	2	–
Stöðvarfjörður	10	3	7	4	1
Breiðdalsvík	6	1	5	4	–
Djúpivogur	25	17	7	5	2
Hornafjörður	49	25	24	9	1
Suðurland South	103	26	72	10	15
Vík	3	1	2	1	1
Stokkseyri	2	–	2	–	–
Eyrarbakki	3	–	3	–	2
Þorlákshöfn	25	4	21	1	3
Vestmannaeyjar	68	20	43	8	8
Aðrar hafnir Other ports	2	1	1	–	1

¹ Að auki eru fjögur hvalveiðiskip í Reykjavík. In addition there are four whalers in Reykjavík.

Tafla 4. Vátryggingaverðmæti virkra fiskiskipa í árslok 2004¹Table 4. *The insurance value of the fishing fleet at the end of 2004¹*

	Samtals <i>Total</i>	Vélskip <i>Decked vessels</i>	Togarar <i>Trawlers</i>	Opnir fiskibátar <i>Undecked vessels</i>
Fjöldi <i>Number</i>	1.444	755	65	624
Brúttótonn (bt) <i>Gross tonnage (GT)</i>	167.488	90.689	73.808	2.991
Afl aðalvéla (kW) <i>Total power of main engine (kW)</i>	476.617	285.666	129.731	61.220
Vátryggingaverðmæti (m. kr.) <i>Insurance value (Mill. ISK)</i>	67.746	37.404	28.075	2.267

¹ Skip sem lögðu upp afla árið 2004. *Vessels with registered landings in 2004.***Heimild Source:** Siglingastofnun Íslands; Vigtarskýrslur; Hagstofa Íslands. *The Icelandic Maritime Administration; Weight reports; Statistics Iceland.*

Hagtiðindi **Sjávarútvegur**
Statistical Series **Fisheries**

91. árgangur nr. 15

ISSN 0019-1078

2006:2

ISSN 1670-4533 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4541 (pdf)

Verð ISK 500 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Hrefna M. Karlsdóttir • hrefna.karlsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series